

## REGLUR um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

### 1. gr.

Aftan við 2. másl. 17. gr. reglnanna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þessi regla skal þó aldrei leiða til þess að fulltrúar stúdenta verði fleiri en fjórðungur þeirra fulltrúa starfsmanna sem með atkvæðisrétt fara á deildarfundi.

### 2. gr.

2. másl. 21. gr. reglnanna orðast svo: Um fjölda og val á fulltrúum stúdenta fer eftir sömu reglum og gilda um fjölda og val á fulltrúum stúdenta á deildarfundi, sbr. 17. gr.

### 3. gr.

Á eftir 3. mgr. 123. gr. reglnanna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild er skipað í þrjár námsbrautir, sbr. ákvæði 21. gr. þessara reglna; námsbraut í iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræði.

### 4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 9. október 2023.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*

B-deild – Útgáfudagur: 24. október 2023